

Tillaga að starfsleyfi fyrir móttökustöð og urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd

kt. 600893-2469

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu, kt. 600893-2469 vegna móttöku og urðunar á úrgangi, að Strönd. Komi nýr aðili að rekstri staðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Sorpstöð Rangárvallasýslu er hér eftir nefndur rekstraraðili.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 5200 tonnum af úrgangi á ári. Þar af er heimilt að urða allt að 2500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári og stórgerðum byggingarúrgangi. Í einstökum árum er þó heimilt að urða allt að 5000 tonn af óvirkum úrgangi. Þá er heimilt að jarðgera eða endurvinna með sambærilegum hætti 1400 t af lífrænum úrgang á svæðinu, svo sem garðaúrgangur, timbur, seyra, húsdýraáburður og sláturúrgangur. Þá er leyfilegt að urða allt að 800 t af formeðhöndluðum lífrænum úrgangi s.s. sláturúrgangi á ári enda sýni Sorpstöð Rangárvallasýslu fram á að ekki séu aðrar leiðir færar.

Óheimilt er að urða almennan úrgang, fljótandi úrgang, brotajárn eða spilliefnum á svæðinu. Þær tegundir úrgangs sem má urða á urðunarstaðnum eru eftirfarandi:

- a) Óvirkur úrgangur, sbr. lista í viðauka II með reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.
- b) Annar óvirkur úrgangur, sem uppfyllir útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang, sbr. viðauka II með reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.
- c) Stórgerður almennur byggingarúrgangur
- d) Lífænn úrgangur s.s. sláturúrgangur sem ekki er unnt að endurvinna.

Annan úrgangs skal senda til meðhöndlunar annarsstaðar.

1.3. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal í samvinnu við sveitarstjórn upplýsa almenning um möguleika á endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Í samræmi við stefnu stjórnvalda og gildandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs skal markvisst unnið að nýtingu úrgangs, t.d. með endurnotkun eða endurnýtingu þ.e. orkuvinnslu, endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Undir þetta fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar, pappír, garðaúrgangur, úrgangur frá fiskvinnslu, timbur, sláturúrgangur, umbúðaúrgangur, dekk og brotamálmur.

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.5. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að urðunarstaðurinn hafi verið tekinn í notkun aftur ef förgun úrgangs hefur legið niðri í meira en mánuð. Verði rekstri hætt varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði sé fargað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan þriggja mánaða um ráðstafanir sem gerðar hafa verið. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun, sbr. ákvæði greinar 4.6, um meðhöndlun úrgangs ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins.

1.6. Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi samkvæmt starfsleyfi þessu lýkur, skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, og annarra laga og reglugerða eftir því sem við á, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur og landnotkun skal vera með þeim hætti að endanlegur frágangur falli sem best að núverandi landslagi. Ákvæði greina 2.5 og 2.6 skulu uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins skal liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfsemi lýkur.

1.7. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða rekstri eða á bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

1.8. Annað

Eintak af starfsleyfi þessu og uppdráttur af urðunarsvæðinu skal jafnan vera tiltækur hjá umsjónarmanni stöðvarinnar.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal magn og gerð þess úrgangs sem tekið er á móti í stöðinni í samræmi við reglugerð nr. 184/2002. Sjónrænt mat skal fara fram við móttöku úrgangs sem fyrirhugað er að urða á svæðinu, til að sannprófa að úrgangurinn uppfyllir móttökuskilyrði fyrir þann úrgang, sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 starfsleyfis.

2.2. Meðhöndlun spilliefna

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstaðnum. Spilliefni sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku.

2.3. Bann við brennslu úrgangs

Brennsla úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð.

2.4. Daglegur frágangur á urðunarstað

Daglega skal þekja allan úrgang sem getur fokið með þekju sem hindrar aðgang meindýra og fok. Sand úr sandföngum má nýta til þekju á urðunarstöðum í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila.

2.5. Endanlegur frágangur urðunarreinar

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst eins metra þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af urðunarreinunum en sigi ekki ofan í úrganginn.

2.6. Um yfirborðsvatn og grunnvatn

2.7. Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Urðunarstaðurinn skal þannig staðsettur og hannaður að yfirborðsvatni sé beint frá urðunarstaðnum og annað vatn safnist ekki í urðunarsvæðið. Jarðgerð lífræns úrgangs

Lífrænn úrgangur skal hakkaður eða tættur og blandaður með stoðefni með reglulegum hætti, þannig að full loftun náist í úrganginn. Úrgangur sem hætta er á að fjúki eða að meindýr sæki í skal þakinn með moltu eða stoðefni eftir að múgar er lagðir út. Ef verður vart við ólykt frá jarðgerðinni skal lofta efnin betur og blanda meiri stoðefnum í úrganginn eða á annan hátt draga úr ólyktinni.

2.8. Önnur formeðhöndlun lífræns úrgangs

Lífrænan úrgang sem ekki er hægt að jarðgera, skal eftir því sem kostur er hakka eða tæta og afvanta þannig að vatn renni ekki úr úrganginum.

2.9. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá urðunarstaðnum og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð um hávaða.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS OG VÖKTUN

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Rekstraraðili skal taka saman og senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert.

- Magn og gerð úrgangs sem urðaður er.
- Úrgang sem hafnað er til urðunar, þar með talið magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Mælingar á samsetningu gunnvatns
- Úrkomumagn á staðnum.
- Daglegt hitastig, lágmark, hámark, kl 12 á hádegi.
- Dagleg stefna og styrkur vindátta.
- Loftraki daglega kl 12 á hádegi
- Uppgufun

Þar sem upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

3.2. Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli og sigvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Þá skulu gerðar mælingarholur til að mæla grunnvatnshæð við urðunarstaðinn. Rekstraraðili skal hafa samráð við eftirlitsaðila um staðsetningu og útfærslu sýnatökuádstöðu og mælingarholum á fyrsta starfsári starfsleyfis. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir. Niðurstöður mengunarmælinga skal senda Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þegar þær liggja fyrir. Gæði yfirborðsvatns og eftir því sem við á grunnvatns skal meta út frá umhverfismörkum tilgreindum í fylgiskjali með reglugerð nr. 786/1999, um varnir gegn mengun vatns. Auk þeirra þátta skal mæla næringarefni, hitastig, leiðni, og sýrustig grunnvatns. Mælingar á grunnvatni skulu framkvæmdar á sex mánaða fresti.

3.3. Skýrslur til eftirlitsaðila

Fyrirtækið skal senda eftirlitsaðila niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. gr. 3.1 og 3.2.

4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur á umhverfið, þar með taldir starfshættir, efnisnotkun og meðferð sigvatns.

4.2. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

4.3. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.4. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða.

4.5. Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. gr. 4.6 í starfsleyfi þessu og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár.

Gjald sem innheimt er, skal þó aldrei vera herra en nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, svo sem þróunar nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.

4.6. Starfsleyfistryggingar

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar urðunarstaðarins. Ákvæði þetta gildir þó ekki um urðunarstaðinn ef eingöngu verður urðaður óvirkur úrgangur.

4.7. Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins. Neyðaráætlunin skal innihald tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun.

4.8. Umhverfi

Halda skal athafnasvæðinu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, og skulu hlið vera lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Fara skal þannig með allan úrgang við flutning, endurnýtingu, förgun eða aðra meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

4.9. Samráðsfundur

Rekstraraðili skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Þessir aðilar geta þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, endurskoðun mæliáætlana, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

4.10. Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, og ákvæði 4. greinar reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. flokk skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 1. júlí 2018. Starfsleyfi urðunarstaðarins frá 8. nóvember 2000 fellur úr gildi við gildistöku starfsleyfis þessa.

Reykjavík dd. mmm 2006

Umhverfisstofnun